



Stjórnun og stefnumótun

MS nám

hi.is/stjornun_og_stefnumotun

Um námið

Í meistaranámi í stjórnun og stefnumótun fara nemendur í gegnum kenningar á breiðum grundvelli, allt frá kenningum um einstaklinga yfir í kenningar um stjórnun, stefnumótun og skipulagsheildir. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og hagnýtingu námsins. Þá veita aðferðafræðinámskeið undirbúningur undir söfnun gagna og ákvarðanatöku.

Skipulag námsins


MS nám í stjórnun og stefnumótun er bæði fræðilegt og hagnýtt. Áhersla er lögð á fræðilega þekkingu á sviði forystu og stjórnunar skipulagsheilda og hagnýtingu hennar. Námið miðar að því að nemandinn öðlist færni bæði við rannsóknir og hagnýtingu á fræðunum.

Nám til MS prófs er 120 einingar hið minnsta, þar af 90 e. í námskeiðum, auk MS-ritgerðar sem er að lágmarki 30 e. Miðað við fullan námshraða er námið fjögur misseri.

Að námi loknu

Kennslan miðar að því að nemandinn öðlist góðan skilning og tileinki sér eftirsóknarverða færni bæði við rannsóknir og hagnýtingu á fræðunum, t.d. á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar, skipulags fyrirtækja, nýsköpunar, þekkingarstjórnunar, verkefnastjórnunar og árangursstjórnunar.

Lagt er kapp á að námið sé góður undirbúningur fyrir stjórnunarstörf hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Töluverð eftirspurn er eftir hæfum stjórnendum í atvinnulífinu og fyrir vikið leggur námið áherslu á að nemendur tileinki sér þá þekkingu og vinnubrögð sem nauðsynleg eru til að sinna stjórnunarstörfum vel.



Inntökuskilyrði

Almennar kröfur um aðgang að framhaldsnámi gilda, en nemendur skulu hafa lokið BS- eða BA-gráðu úr háskóla með fyrstu einkunn (7,25). Ekki er gerð krafa um fyrra nám í viðskiptafræði, en valið er inn í námið á grundvelli fyrri árangurs í námi (m.a. í aðferðafræðinámskeiðum) og eftir atvikum með hliðsjón af starfsreynslu. Nemendur sem ekki hafa að lágmarki lokið 60 ECTS einingum í viðskiptafræði eða skyldum greinum í BA- eða BS-námi, þurfa að taka námskeiðið Inngangur að rekstri sem undanfara að náminu samhliða öðrum námskeiðum á fyrstu vikum fyrsta haustmisseris.

Inngangur að rekstri

Nemendur sem ekki hafa BS/BA í viðskiptafræði eða hagfræði í grunnnámi sínu, þurfa við upphaf námsins að ljúka undirbúningsnámskeiðinu VIÐ155M Inngangur að rekstri, samhliða öðrum námskeiðum á fyrstu vikum fyrsta haustmisseris. Námskeiðið samanstendur af sjö efnispáttum: aðferðafræði, rekstrarhagfræði, fjármál, reikningshald, lögfræði, upplýsingatækni, þjóðhagfræði. Námskeiðið er sérstaklega sniðið að þörfum meistaranemenda sem hafa tekið fá eða engin námskeið í rekstrarhagfræði og fjármálum í grunnnámi og er skyldunámskeið fyrir þessa nemendur. Í námskeiðinu eru fyrirlestrar haldnir á laugardegi og sunnudaginn á eftir er þreytt rafrænt próf úr efnispáttum fyrirlesturs og námsefnis. Þetta námskeið er ekki metið til eininga í MS náminu.

Meiri upplýsingar má nálgast á vefsíðu námsbrautarinnar, hi.is/stjornun_og_stefnumotun

Lotunám

Meistaránám við Viðskiptafræðideild er kennt í lotum. Þannig er hvoru misseri skipt upp í tvær lotur og nemendur taka að jafnaði tvö námskeið í hvorri lotu (eða skila sambærilegri vinnu við lokaritgerð). Hver lota samanstendur af sjö kennsluvikum og einni viku fyrir námsmat og próf.

Hvað segja nemendur?

“Námið hefur nýst mér mjög vel. Ég fór í stjórnun og stefnumótun og það kemur beint inn í það verkefni sem ég hef verið að vinna að síðustu ár, sem er að byggja upp fyrirtæki á alþjóðlegum markaði á sviði menntatækni. Það er ekki bara að maður læri af kennurunum heldur snýst þetta líka um það að læra í verkefnavinnu. Við erum búin að halda sambandi ákveðinn kjarni síðan í náminu og hittumst reglulega og það er gríðarlegur styrkur og ég er enn að læra.”

-Vilborg Einarsdóttir, meðstofnandi Mentors ehf.

Viðskiptafræðideild

Gimli
við Sæmundargötu
101 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/vidskiptafraedideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD